



REGLUGERÐ UM ÍSLANDESMÓT GOLFKLÚBBBA Í UNGLINGAFLOKKUM

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir sveitakeppni í unglingsflokkum.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við klúbbinn þar sem mótið fer fram a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Framkvæmd mótsins skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þátttökugjöld sem renna til klúbbsins þar sem mótið fer fram.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Klúbburinn þar sem mótið fer fram skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem mótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttökutilkynningar skulu sendar GSÍ mánuði fyrir fyrsta mótisdag. Þátttökugjöld skulu greidd eigi síðar en viku fyrir fyrsta mótisdag.

Nöfn leikmanna skal tilkynna til mótsstjórnar í síðasta lagi kl. 9:00 daginn fyrir fyrsta leikdag. Hafi nafnalisti ekki borist í tíma er mótsstjórn heimilt að gefa klúbbi 6 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar



skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótsstjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila. Liðsstjóri skal fyrir hönd viðkomandi klúbbs vera ábyrgur fyrir greiðslu þáttökugjalds.

2. kafli

7. gr.

Sveitakeppni unglunga skal leikin í eftirfarandi flokkum:

Piltar 18 ára og yngri:	Forgjöf 20 og lægra, leikið af öftustu teigum.
Drengir 15 ára og yngri:	Forgjöf 45 og lægra, leikið af næst fremstu teigum.
Stúlkur 18 ára og yngri:	Forgjöf 35 og lægra, leikið af næst fremstu teigum.
Stelpur 15 ára og yngri:	Forgjöf 45 og lægra, leikið af fremstu teigum.

Aldur miðast við almanaksár.

Mótsstjórn ákveður hámarksfjölda sveita í hverjum flokki.

Mótsstjórn getur ákveðið aðra teigskipan, t.d. með tilliti til lengdar vallar sem leikið er á.

Mótsstjórn getur sameinað flokka ef þörf er talin á því, eða fellt niður keppni í einstökum flokkum ef þáttökulið eru færri en þrjú.

8. gr.

Sveitir skulu skipaðar allt að sex leikmönnum, þar sem fjórir leika í hverri umferð.

Ef takmarka þarf heildarfjölda sveita skulu A sveitir hvers klúbbs hafa forgang, því næst B sveitir hvers klúbbs o.s.frv. Þurfi að velja á milli sveita með sama forgang skal hlutkesti ráða.

Sækja má um heimild til mótastjóra GSÍ um að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppinnar.

Sækja má um undanþágu til mótsstjórnar ef leikmaður uppfyllir ekki forgjafarskilyrði.

Sækja má um heimild til mótsstjórnar að senda blandaða sveit stúlkna og pilta. Sé slík heimild



veitt telst sveitin leika í piltaflokki, piltar leika af teigum pilta og stúlkur af teigum stúlkna.

9. gr.

Hljóti keppandi frávísunarvíti í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað.

Hljóti sveit frávísun úr keppninni í heild sinni áður en riðlakeppni lýkur skulu úrslit leikja sem hún hefur leikið fyrir í riðlakeppninni falla niður og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á úrslit mótsins.

10. gr.

Kylfuberar eru óheimilir. Þó mega leikmenn sem ekki eru að leika vera kylfuberar fyrir liðsfélaga sína.

11. gr.

Keppnin skiptist í tvo hluta:

- a) Höggleik, ein umferð.
- b) Holukeppni, fjórar umferðir.

Mótsstjórn ákveður holufjölda í hverri umferð. Holufjöldi í umferð getur verið ólíkur milli flokka og riðla.

Tímaáætlun skal tilkynnt liðsstjórum í síðasta lagi á liðsstjórafundi.

Ef sex eða færri sveitir mæta til leiks skal fella niður höggleikinn og allar sveitirnar leika innbyrðis.

Í höggleik telja samanlögð þrjú bestu skor í öllum flokkum. Verði skor sveita jöfn, ræður skor 4. manns úrslitum. Verði skor sveita enn jöfn skal lægsta skor ráða úrslitum. Ef ekki fæst niðurstaða með þessari aðferð ræður hlutkesti.

Úrslit úr höggleik ráða niðurröðun í riðla, samkvæmt viðauka II.

Í 4 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf	2. umf.	3. umf.
2-3	2-4	3-4
1-4	1-3	1-2

Í 3 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf	2. umf.	3. umf.
1-3	2-3	1-2



Mótsstjórn ákveður leikröð í hverri umferð.

Að riðlakeppni lokinni leikur:

4. sæti A riðils við 4. sæti B riðils um 7. sæti.
 3. sæti A riðils við 3. sæti B riðils um 5. sæti
 2. sæti A riðils við 2. sæti B riðils um 3. sæti
 1. sæti A riðils við 1. sæti B riðils um 1. sæti
 4. sæti C riðils við 4. sæti D riðils um 15. sæti.
 3. sæti C riðils við 3. sæti D riðils um 13. sæti
 2. sæti C riðils við 2. sæti D riðils um 11. sæti
 1. sæti C riðils við 1. sæti D riðils um 9. sæti
- o.s.frv.

12. gr.

Í högggleikskeppninni skal sveitum skipt í forgjafarhópa, þar sem dregið er um rásröð sex forgjafarlægstu sveitanna, þá næstu sex forgjafarlægstu sveitanna, og koll af kalli eftir fjölda þátttökusveita. Miðað skal við fjórar lægstu forgjafir hvernar sveitar. Ef fjórar lægstu forgjafir sveita eru jafnar skal hlutkesti ráða. Hópur forgjafarlægstu sveitanna skal ræstur út fyrst og forgjafarhæstu seinast.

Í hverjum ráshópi skulu þó aldrei vera fleiri en einn leikmaður úr hverri sveit. Liðsstjórar skulu tilkynna skriflega til mótsstjórnar röð leikmanna sinna, ekki síðar en kl. 20.00 daginn fyrir fyrstu umferð.

Í holukeppni skal liðsstjóri tilkynna skriflega til mótsstjórnar skipan liðs síns í fyrstu umferð eigi síðar en 30 mín. eftir að högggleik er lokið. Ef ekki er um högggleik að ræða skal tilkynna mótsstjórn um liðsskipan í 1. umferð eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir 1. umferð. Í síðari umferðum skal tilkynning hafa borist mótsstjórn innan 30 mín. eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan.

Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan.

13 .gr.

Leikröð í ráshóp í högggleik ræðst af þeim útdrætti sem fór fram um rásröð. Nr. 1 slær fyrstur, næstur nr. 2 og síðan koll af kalli. Í holukeppni ákveður mótsstjórn leikröð.

14. gr.

Hver viðureign er tveir tvímenningar og einn fjórmeningur. Mótsstjórn ræður röð leikja.



Ef leikir í riðlakeppni eru jafnir eftir lokaholuna í umferðinni skal leik hætt og hvort lið fær hálfst stig. Í útsláttarkeppni skal leika alla leiki til úrslita nema ef röð sveitanna er orðin ljós, þá teljast jafnir leikir eftir lokaholuna í umferðinni helmingaðir.

Hver leikur gefur eitt stig. Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem sveitir hljóta í keppninni. Sú sveit vinnur sem hlýtur flest stig.

Verði sveitir jafnar að stigum ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röð. Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningsliði.

15. gr.

Sigursveitir hljóta titilinn Íslandsmeistarar viðkomandi flokks í sveitakeppni.

16. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 24. apríl 2021.



VIÐAUKI I

Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótsins.

1. Fánar

Á mótsstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ. Auk þess skal flagga fánum þátttökuklúbba, ef slíkir fánar eru tiltækir.

2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsingu allra ráshópa. Ræsir skal m.a. tryggja að réttir leikmenn séu ræstir út í hverjum leik, í samræmi við áður tilkynnta liðsskipan.

3. Móttaka skorkorta

Í höggleik skal vera til staðar afmörkuð aðstoða fyrir leikmenn til að yfirfara og skila skorkortum. Starfsmaður mótsstjórnar skal vera til staðar og aðstoða leikmenn. Starfsmaðurinn skal m.a. bera skor leikmanna undir þá og tryggja að engu sé ábótavant í útfyllingu skors og undirritun skorkorta.



VIÐAUKI II Niðurröðun í riðla

Töflurnar sýna hvernig sveitir raðast í riðla eftir árangri í högggleik.

Dæmi: Ef sjö sveitir mæta til leiks verða sveitir sem höfnuðu í 1., 4., 5. og 7. sæti í högggleiknum í A riðli og í B riðli verða sveitir sem höfnuðu í 2., 3. og 6. sæti í högggleiknum.

7 sveitir:

A	B
1	2
4	3
5	6
7	

8 sveitir:

A	B
1	2
4	3
5	6
8	7

9 sveitir:

A	B	C
1	2	7
4	3	8
5	6	9

10 sveitir:

A	B	C
1	2	7
4	3	8
5	6	9
		10

11 sveitir:

A	B	C
1	2	9
4	3	10
5	6	11
8	7	



12 sveitir:

A	B	C
1	2	9
4	3	10
5	6	11
8	7	12

13 sveitir:

A	B	C	D
1	2	8	9
4	3	11	10
5	6	12	13
7			

14 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7		

15 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7	15	

16 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7	16	15

17 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	15
4	3	12	11	16
5	6	13	14	17
8	7			



18 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	15
4	3	12	11	16
5	6	13	14	17
8	7			18

19 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	17
4	3	12	11	18
5	6	13	14	19
8	7	16	15	

20 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	17
4	3	12	11	18
5	6	13	14	19
8	7	16	15	20

21 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	16	17
4	3	12	11	19	18
5	6	13	14	20	21
8	7	15			

22 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15		

23 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15	23	



24 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15	24	23

25 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	23
4	3	12	11	20	19	24
5	6	13	14	21	22	25
8	7	16	15			

26 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	23
4	3	12	11	20	19	24
5	6	13	14	21	22	25
8	7	16	15			26

27 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	25
4	3	12	11	20	19	26
5	6	13	14	21	22	27
8	7	16	15	24	23	

28 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	25
4	3	12	11	20	19	26
5	6	13	14	21	22	27
8	7	16	15	24	23	28